



Reykjavík, 13. desember 2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar:**

**Frumvarp til laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, 233. mál.**

Tilgangur frumvarpsins er að gera einstaklingum sem skulda umfram eignir kleift að nýta ákvæði gjaldþrotalaga til að leysa sig frá kröfum á 2 árum samkvæmt nýlegu fyrningarákvæðum 2. og 3. mgr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, sbr. lög nr. 142/2010. Fyrningarákvæðin fela í sér að þær kröfur sem skuldari ber ábyrgð á eftir gjaldþrotaskiptin fynast á tveimur árum í stað þess að fynast á 4, 10 eða 20 árum áður. Þá hafa verulegar skorður verið settar við því að kröfuhafar geti haldið kröfum lifandi eftir lok fyrningarfrests. Tilgangurinn með styttingu fyrningarfrestsins var að auðvelda gjaldþrota einstaklingum sem áfram báru ábyrgð á skuldum sem ekki fengust greiddar við gjaldþrotaskiptin að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.

Hafa þarf í huga að í ákvæði til bráðabirgða í lögnum kemur fram að lögin skuli endurskoðað innan fjögurra ára frá gildistöku eða í desember 2014. Að mati SFF er mikilvægt að það verði gert. M.a. vegna þess að ákvæði gjaldþrotalaga hafa mikil áhrif á áhættu í viðskiptum og lánastarfsemi. Breytingarnar á lögnum 2010 leiða til aukinnar áhættu þar sem skuldarar eiga almennt auðveldar með að leysa sig frá kröfum. Aukin áhætta leiðir til aukins kostnaðar fyrir mótaðila í viðskiptum og lánveitendur. Hvað lánsviðskipti áhrærir mun þetta leiða til hærri vaxta þegar til lengri tíma er litið þar sem hætta á útlánatapi vex.

SFF telja að það geti í sumum tilvikum verið jákvætt fyrir skuldara sem urðu illa úti í efnahagshruninu að nýta sér þessa leið þó svo að setja megi spurningarmerki við það hvort að til lengri tíma litið eigi að líta á gjaldþrot sem greiðsluerfiðleikaúrræði. Svo virðist vera sem stytting fyrningarfrests hafi ekki skilað tilætluðum árangri þ.e.a.s. að einstaklingar hafa ekki nýtt sér í miklum mæli þann möguleika að óska eftir gjaldþrotaskiptum þrátt fyrir styttingu fyrningarfrestsins. Ástæður þess að þessi leið hefur ekki mikið verið notuð kunna að í sumum tilvikum að vera fjárhagslegar en aðrar ástæður geta líka skipt máli. Þannig kann orðsporsáhætta af gjaldþroti eða langtímaáhrif gjaldþrots á lánshæfi að skipta máli við ákvörðun einstaklinga um hvort óska eigi eftir gjaldþrotaskiptum.

SFF eru þeirrar skoðunar að það sé ástæða til þess að greiða leið fólks sem vill óska eftir gjaldþrotaskiptum til að tveggja ára fyrningarfrestur krafna byrji að líða. Þetta verður best gert með fjárhagsaðstoð við greiðslu skiptakostnaðar eins og lagt er upp með í frumvarpinu. Líta verður á slíkt sem félagslega aðstoð sem svipar til gjafsóknar samkvæmt lögum um meðferð einkamála. Gjafsókn skuldbindur ríkið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, þ.e. þóknun lögmanns o.fl. Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að fjárhagsaðstoðin greiðist úr ríkissjóði en hún sé fjármögnuð af því gjaldi sem fjármálafyrirtæki, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög greiða til að standa straum að kostnaði við rekstur embættis umboðsmanns

skuldara. M.ö.o. er kostnaðinum við þessa félagslegu aðstoð velt yfir á lánveitendur en ekki aðra kröfuhafa. Með þessu er þessu er tilteknum kröfuhöfum gert að taka á sig kostnað við gjaldprot einstaklinga algerlega án tilltis til þess hvort að viðkomandi einstaklingur skuldar viðkomandi kröfuhafa einhverja fjármuni. Kostnaðurinn leggst með miklum þunga á fjármálafyrirtæki þar sem að gjaldstofn þeirra við fjármögnun embættis skuldara miðast við öll útlán fjármálafyrirtækja, hvort sem að þau eru til einstaklinga eða fyrirtækja. Aðrir kröfuhafar, eins og innheimtumenn ríkissjóðs, sem oftast eru þeir sem krefjast gjaldprotaskipta, munu samkvæmt þessum tillögum líklega komast hjá kostnaði við gjaldprotaskiptabeiðnir. SFF eru andvíg því að þessi aukni kostnaður verði lagður á fjármálafyrirtæki sem sífellt þurfa að sæta auknum álögum í formi skatta og gjalda. Samtökin telja eðlilegast að um tímabundna aðgerð verði að ræða til eða 1-2 ára, til að bregðast við afleiðingum efnahagshrunsins og að hún verði fjármögnuð af ríkissjóði.

**Niðurstaða:** SFF eru fylgjandi því að skuldurum verði tímabundið veitt fjárhagsaðstoð til að standa undir kostnaði við gjaldprotaskipti til að bregðast við afleiðingum efnahagshrunsins. SFF eru andvíg því að þessi aukni kostnaður verði lagður á fjármálafyrirtæki. Samtökin telja eðlilegast að um tímabundna aðgerð verði að ræða til eða 1-2 ára, til að bregðast við afleiðingum efnahagshrunsins og að hún verði fjármögnuð af ríkissjóði.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.